


# Trío Sól

## Fuglasöngur og serenöður

Emma Garðarsdóttir  
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir  
Þórhildur Magnúsdóttir



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 16. júlí 2024 kl. 20:30

**Emma Garðarsdóttir** (1998) hóf fiðlunám árið 2001 í Tónskóla Sigursveins þar sem hún lærði meðal annars hjá Auði Hafsteinsdóttur. Síðar var förinni heitið til Kaupmannahafnar þar sem hún lauk bakkalár- og meistaraþrófi frá Konunglega danska tónlistarháskólanum með Elisabeth Zeuthen Schneider og Frederik Øland sem leiðbeinendur. Emma er virk sem kammertónlistarmaður og leikur einnig mikið í sinfóníuhljómsveitum. Hún er meðlimur í Lumbye hljómsveitarakademíu Fílharmóníusveitar Kaupmannahafnar með Jordi Rodriguez Cayuelas sem leiðbeinanda.

**Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir** (1996) lauk framhaldsprófi á fiðlu úr Tónskóla Sigursveins vorið 2016. Þá lá leiðin í Listaháskóla Íslands þar sem hún lærði hjá Auði Hafsteinsdóttur, áður en hún fluttist til Kaupmannahafnar 2019 til að læra hjá Alexandre Zapolski í Konunglega danska tónlistarháskólanum. Þaðan lauk hún bakkalárþrófi vorið 2021 og meistaraþrófi 2023. Hún er nú búsett í Kaupmannahöfn og leikur með ýmsum hljómsveitum í Danmörku, Íslandi, Færeyjum og Svíþjóð.

**Pórhildur Magnúsdóttir** víóluleikari er fædd í Reykjavík árið 1999. Hún stundar meistaranám við Konunglega danska tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn þar sem kennarar hennar hafa verið Lars Anders Tomter, Tim Frederiksen og Asbjørn Nørgaard, víóluleikari Danska strengjakvartettsins. Pórhildur er virkur kammarmúsíkant og er meðal annars meðlimur í kammersveitinni Elju en hefur einnig komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Þær stöllur kynntust ungar í Suzuki-fiðluhópi í Tónskóla Sigursveins og hafa spilað saman alla tíð, en mynduðu kammerhópinn **Trío Sól** sumarið 2020 meðan þær voru í námi í Kaupmannahöfn. Tríoíð hefur meðal annars fengið leiðsögn hjá Elisabeth Schneider, Tim Frederiksen og meðlimum Danska strengjakvartettsins. Árið 2024 er Trío Sól hluti af VÆKST residensíunni fyrir kammerhópa í Musikhuset á vegum Art Music Denmark þar sem tríoíð mun vinna að nýjum tónverkum í samstarfi við ýmis tónskáld.

Efnisskrá

Ludwig van Beethoven 1770–1827

Trío\*)

*Allegro non troppo*

*Andante*

*Tempo di Menuetto*

*Rondo, Allegro*

Max Reger 1873–1916

*Serenaða*

í G-dúr ópus 141a

*Vivace*

*Larghetto*

*Presto*

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir f. 1990

O3

samið fyrir Trío Sól 2023

Zoltán Kodály 1882–1967

*Serenaða fyrir tvær fiðlur og víólu*

ópus 12

*Allegramente-Sostenuto, ma non troppo*

*Lento ma non troppo*

*Vivo*

\*) Útsett fyrir tvær fiðlur og víólu af Fr. Rosenkranz. *Andante* og *Rondo, Allegro* kaflarnir eru unnir upp úr píanósónötu Beethovens í g moll númer 19 ópus 49 og *Allegro non troppo* og *Tempo di Menuetto* kaflarnir úr píanósónötu hans í G dúr númer 20 ópus 49.

**Emma Garðarsdóttir** (1998) started her violin studies in 2001 at Sigursveinn's School of Music where she graduated with Auður Hafsteinsdóttir as her main teacher. Emma received her bachelor's and master's degrees from the Royal Danish Academy of Music where her main teachers were Elisabeth Zeuthen Schneider and Frederik Øland. She is an active chamber musician who also plays frequently in symphony orchestras and is an academist at Copenhagen Philharmonic's Lumbye Academy, where Jordi Rodriguez Cayuelas is her mentor.

**Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir** (1996) studied violin in Sigursveinn's School of Music and the Iceland Academy of the Arts, where she studied with Auður Hafsteinsdóttir. In 2019 she moved to Copenhagen to study with Alexandre Zapolski at the Royal Danish Academy of Music. Sólrún completed her bachelor's degree in the spring of 2021 and her master's degree in 2023. Based in Copenhagen, she is currently a freelance violinist in various orchestras in Denmark, Iceland, the Faroe Islands and Sweden.

**Pórhildur Magnúsdóttir** is a violist born in Reykjavík in 1999. She is in her master's studies at the Royal Danish Academy of Music in Copenhagen, where her teachers have been Lars Anders Tomter, Tim Frederiksen and Asbjørn Nørgaard; the violist of the Danish String Quartet. Pórhildur is an active chamber musician and a member of Elja ensemble, and has performed as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana  
The Museum café is open after the concert  
Tónlistarsjóður styrkir Sumartónleika LSÓ*